

# Janúar

# Pési

167 tbl. 14. Árgangur jan. 2004  
Útgefandi Hrunamannahreppur.  
Ritstj. Ísólfur Gylfi Pálmason  
Sími:486-6617  
E-mail hrni@sudurland.is  
og hrni@mmedia.is

Ritstj. Svanhildur Pétursdóttir  
Sími: 486-6617 . Hs. 4863410

## Í febrúar kemur Pésinn út föstud. 14.febr

Skilafrestur á efni er til 10.febr

### Hjónaball!

Hjónaballið verður laugardaginn 28.  
febrúar næstkomandi. Takið daginn frá.  
Nánar auglýst síðar.

### Hjónaballsnefndin

Þorrablótið verður á Hótel Flúðum  
laugardaginn 31. janúar 2004.  
Pantanir í síma 486-6630  
Nánar auglýst með dreifibréfi.  
Hótel Flúðir.

### Frá Íþróttahúsinu á Flúðum.

*Opnunartími í tækjasal:*

|                       |               |
|-----------------------|---------------|
| Mánudaga – fimmtudaga | 17:00 – 22:00 |
| Föstudaga             | 17:00 – 21:00 |
| Laugardaga            | LOKAÐ         |
| Sunnudaga             | 14:00 – 21:00 |

Dagana 19.21.22.28.29. og 30 des er opið:

**frá kl. 17:00 - 21:30**

Einnig er opið á sama tíma 2. og 4.jan 2004

Dagana 20.23.24.25.26.27 og 30 des **er lokað**

Einnig **er lokað** 1. og 3. jan 2004.

Frá 5. jan er opið samkv. stundatöflu.

Nánari upplýsingar:  
Aðalheiður í Akurgerði 3

## VIOLA - snyrtistofa á Flúðum

Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plökkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Föræun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímappantanir í síma 566-8342*

*og 897-3741(HÍF)*

## Jóga - Jóga

10 tíma jóganámskeið hefst mánudaginn  
19. janúar. Kennt verður í Félagsheimilinu

(Stjörnusal) á **mánudögum kl 20:30**

Allir eru hjartanlega velkomnir.



## Hár-Hrun

Verðum í Félagsheimili Hrunamanna

föstudagana

30.jan., 14. febr

og 28.febr

Pantið tímanlega.

Tímappantanir í síma:

486-6001 Sigrún og 486-5535 Inga Birna.

Einnig á hársnyrtidegi 823-8326 og 899-9665.

Hárgreiðslustofan í Árnesi er opin á  
mánudögum og þriðjudögum. s: 486-6084

Sími 186-6777

## VÖNDULL ehf.- FLUTNINGAÞJÓNUSTA

Daglegar ferðir REYKJAVÍK –

FLÚÐIR og nágr.

Vöruafgreiðsla í Rvk.,

**AÐALFLUTNINGAR ehf.**

**Vatnagarðar 6, sími: 581-3030.**

## Brottför frá Reykjavík:

mánud- föstud. kl. 16.00

Nánari upplýsingar Jóh. Unnar Guðmundsson

Sími: 898-3741 Högnastíg 1, Flúðum.

### Heimaland

Læknir verður til viðtals  
í "Kjallaranum" kl 14:00 fyrsta  
fimmtudag hvers mánaðar eins og  
verið hefur undanfarna vetur.

### Frá sundlauginni á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga 18:00-22:00  
Föstudaga 17:00-21:30  
Laugadaga og sunnudaga 13:00-18:00

### Opnunartími Bókasafns Hrunamanna

Mánudaga 20:00-21:00  
Þriðjudaga 16:00-18:00.  
Miðvikudaga 16:00-18:00  
Fimmtudaga 16:00-18:00

### Frá Íþróttahúsinu á Flúðum

Opnunartími í tækjasal:

Mánudaga til fimmtudaga 15:30-22:00  
Fösrudaga 13:00-21:00  
Laugardaga LOKAÐ  
Sunnudaga 14:00-21:00

## FLÚÐALEIÐ ehf.

Vöruflutningar

ferðaáætlun

Þriðjudaga -miðvikudaga- fimmtudaga -  
föstudaga

Brottför kl 15:00 frá VM-Flytjanda

Klettagörðum 15, Reykjavík.

Frá Húsasmiðjunni á Selfossi kl: 16:00

Pálmar: 892-2370

Heimasími: 486-6685 Fax: 486-6693

Netfang: [fludal@binet.is](mailto:fludal@binet.is)

**Flytjandi**

- á réttri leið

Til sölu.

Lexmark Z 31 prentari,og

tölvuskjár 14",

eins fasa rafmótor 3,0 kw,2.880 s/mín

Upplýsingar í síma. 486-6623 og 899-3016

Lithimnulestur - sem segir frá ástandi

líkama og sálar + heilsuráðgjöf  
Verð á Flúðum laugardaginn 14 febrúar.  
Heiðar Ragnarsson

**Tímapantanir og upplýsingar hjá Else**  
**Sími 690-6024**

Hrunaspjall  
Fregnir fræðsla og tilkynningar frá Hrunaprestakalli

Nú er nýtt ár gengið í garð. Það er alltaf eitthvað ferskt og ósnortið við tilhugsunina um nýtt ár. Tímamót, vendipunktur, áminning um að tíminn líður, það er liðið sem liðið er og engu verður um það breytt hvort heldur gott eða slæmt. Að dvelja í fortíðinni hefur þannig enga þýðingu, heldur að horfa fram á við og glíma við þau verkefni sem staðið er frammi fyrir hverju sinni. Af orðum frelsarans Jesú Krists í sinni miklu fjallræðu má ráða að það sem máli skiptir er dagurinn í dag stundin hér og nú. Hafið ekki áhyggjur af framtíðinni segir hann. Hverjum degi nægir sín þjáning. Þannig er hver stund, hver dagur mikilvægur því eins og sálmaskáldið segir: *Innsigli engir fengu upp á lífsstunda bið.*

Það er því mikils um vert að nýta vel þann tíma sem okkur er gefinn, nota hann til þess sem er uppbyggilegt, jákvætt, gleðiríkt. Látum það verða okkar stefna á nýju ári. Carpe diem.

Úr kirkjubókinni

Þann 13. des. sl. var **Bylgja Rós** skírð í Hrunakirkju. Hún er fædd 11. nóvember 2003 og á heima í Akurgerði 8 á Flúðum.

Foreldrar Bylgju Rósar eru: Kristín Ásta Jónsdóttir og Axel Rafn Benediktsson.

Helgihaldið framundan

Messur:

Messað var í Hruna 11. jan. kl. 14, eldri kórinn söng og á eftir var messukaffi í safnaðarheimili.

Næstu messur verða: Í Hrepphólum 25. janúar kl. 11 og Hruna 8. febrúar kl. 11 altarisganga.

Kyrrðarstundir:

Kyrrðarstundir eru að jafnaði í Hrepphólakirkju. Þetta eru einfaldar bæna og íhugunarstundir þar sem leitast er við að skapa umhverfi er styður slíkt, með kertaljósum, reykelsi og lágværi tónlist. Flutt er ritningarlestur stutt hugleiðing og bænir, fyrirbænir ef þess er óskað. Næsta stund verður 18. jan. kl.20:30 og síðan 1. feb. kl. 20:30

Barnastarf:

Kirkjuskólinn fer aftur af stað laugardaginn 31. jan. kl.11 í Hrunakirkju og stendur samfelld til 3. apríl, alltaf á laugardögum kl.11. Leitast er við að bjóða áhugavert efni fyrir börn á aldrinum 2. til 12 og skipt í hópa ef mæting er mjög aldursdreifð.

Biblíuspjall

Í haust var boðið upp á frjálst spjall um tiltekna ritningarstaði í biblíunni. Hver stund er sjálfstæð og engin skuldbinding um mætingu. Þetta hefur virkað vel og verið ánægjulegar stundir. Þessu ætlum við að halda áfram, eins og áður á miðvikudagskvöldum kl.20:30, stendur að jafnaði eina klst.

Ritningarversið: *Allt megna ég fyrir hjálp hans. sem mig styrkan gjörir.* (Fil.4:13)

Drottinn blessi nýja árið

Með góðri kveðju

TAMNINGAR-ÞJÁLFUN

Tek að mér tamningar og þjálfun,er með aðstöðu í Syðra-Langholti,  
Úlfar Guðbrandsson  
Hellisholtum  
Sími 662-0147

Eiríkur Jóhannsson

Jólagjöfin mín, tölvuúr með svartri ól hvarf í sundlauginni. Ef einhver hefur orðið þess var vinsamlegast hafið samband við Alexander í síma 486-6597

farsælu braut sem það hefur verið sögðu þeir félagar að lokum, og komu því á framfæri að Kerlingarfjöll væru tilvalinn áfangi fyrir sunnudagsbíltúra sunnlendinga og vonuðust þeir til að sjá menn á fjöllum að sumri.

## Grein um Kerlingarfjöll

Á jólaföstu mættu til fundar á skrifstofu Hrunamannahrepps, nokkrir fulltrúar Fannborgar ehf, sem hefur átt og rekið aðstöðuna í Kerlingarfjöllum, sem flestir þekkja undir nafni Skíðaskólans. Ritstjóri nýtti tækifærið og spurði um starfsemina og hvernig hefði gengið undanfarin ár, en sem kunnugt er, þá hefur þessi starfsemi staðið með nokkrum blóma allar götur síðan snemma á sjöunda áratugnum.

Árið 2000 varð nokkur breyting á högum Fannborgar ehf, en þá lögðu nokkrir einstaklingar félaginu til fé og tóku jafnframt við yfirstjórn á rekstir, var þetta undir forystu Gunnars Kvarans sem nú er stjórnarformaður og Páls Gíslasonar, sem sinnir starfi framkvæmdastjóra.

“Við ákváðum að nota fyrstu árin til að bæta aðstöðuna, bæði viðhald og ásýnd húsa, lagna og annars sem þurft viðhalds við, en það er trú okkar að velferð staðarins byggist á því að mannvirkjum sé vel við haldið og kröfum yfirvalda um hreinlæti, brunavarnir og öryggismál sé fylgt” sagði Gunnar. Hann bætti við að það hefði sýnt sig að menn kynnu að meta það sem gert hefði verið. Taldi hann meðal annars upp endurbætur á aðalhúsi, nýjar affallslagnir og verandir við sum húsanna, sem dæmi um þau verkefni sem hvað sýnilegust eru.

“Starfstíminn er að lengjast hjá okkur. Hefðbundinn starfstími var frá 20. júní til loka ágúst, þegar skíðaskólinn var rekinn, en nú byrjum við fyrr á vorin og erum með samfellda starfsemi fram um miðjan september. Síðan hafa gestir verið að koma flestar helgar út október” sagði Páll Gíslason.

Í máli þeirra kom einnig fram að framundan væri aukin áhersla á markaðssetningu og að gera svæðið aðgengilegra fyrir gesti, m.a. með áframhaldandi merkingum á gönguleiðum á svæðinu og kynningu á því.

Við væntum þess að stamstarf við Hreppamenn haldi áfram á þeirri

## Garðyrkjastöðin Brún

### Frá Björgunarfélaginu Eyvindi:

Eftirtalin fyrirtæki og einstaklingar styrktu flugeldasýninguna í ár og þökkum við þeim innilega fyrir veittan stuðning. Eins þökkum við öllum þeim sem styrktu okkur um áramótin með kaupum á flugeldum.

Áhaldahúsið Steðji

**ÁR Flutningar**

**Berghylsbúið**

**Bjarni Valur Guðmundsson**

**Búnaðarbankinn**

**Búnaðarfélag Hrunamanna**

**Dýralæknþjónusta Suðurlands**

**Félagsbúið Tungufelli**

**Félagsheimili hrunamanna**

**Flúðafiskur HF**

**Flúðaleið EHF**

**Flúðasveppir EHF**

**Flúða-Taxi**

**Flúðaverktakar**

**Fossi EHF**

**Fögrusteinar**

**Garðyrkjastöðin Flúðasel**

**Garðyrkjastöðin Garði**

**Garðyrkjastöðin Hvammur 1**

**Garðyrkjastöðin Hvammur 2**

**Garðyrkjastöðin Gróður**

**Garðyrkjastöðin Jörfi**

**Garðyrkjastöðin Silfurtún**

**Golfskálinn Kaffi Sel**

**Gröfutækni EHF**

**Hitaveita Flúða og nágrennis**

**Hrunamannahreppur**

**Íslenskt Grænmeti EHF**

**Jóhann Marelsson**

**Krapi EHF**

**Límtré HF**

**Ragnar og Marta Birtingaholti**

**Smári Vignisson**

**Sorphirða Tómas Þóris Jónssonar**

**Strax Verslun**

**Unnsteinn Hermansson**

**Útlaginn Kaffihús**

# Vélaverkstæðið Klakkur EHF

Kjaftaklúbburinn Hrunamannahreppur.

Hver eru fyrstu viðbrögð okkar Hrunamanna (eða allavega sumra okkar) þegar eitthvað fer miður hér í hreppnum? Jú, fyrstu viðbrögð eru að finna einhvern blóraböggul sem hægt er að skella skuldinni á, því að ekki er það hægt að láta kyrrt liggja og sætta sig við orðinn hlut.

Ég, ásamt mörgum öðrum hér í sveit, er orðinn langsamlega þreyttur á því að alltaf þurfi að kenna einhverjum um ef eitthvað gerist hér í sveitinni, því oftast eru það sami einstaklingur eða einstaklingar sem fá að kenna á gróusögunum, hvað sem gerist.

Mér þykir miður að búa í samfélagi sem er svo gegnsýrt af kjaftasögum og viðbjóði að maður veit ekki hvaðan á mann stendur veðrið!

Hvaða ánægju hefur fólk af því að ljúga upp á aðra og svarta mannorð þeirra? Hvaða ánægju hefur fólk af því að láta öðrum líða illa? Hvaða ánægju hefur fólk af því að segja kjaftasögur sem verða til þess að einstaklingarnir sem sögurnar eru um fá ekki lengur vinnu? Svo miklar og ógeðfelldar eru kjaftasögurnar að mér verður hreinlega illt!

Sumir eru duglegri en aðrir að búa til sögurnar og fara svo og koma sér fyrir í heita pottinum niðri í sundlaug, sem einhverra hluta vegna virðist vera uppspretta kjaftasaganna því þær þrífast og lifa góðu lífi þar, og býr til og segir þessar viðurstygglegu lygasögur sem ekki einu sinni Gróa á Leití myndi ekki taka trúanlegar! Taki þeir til sín sem eiga.

Mér finnst að þeir sem hafa gaman af því að rægja aðra og koma óorði á saklaust fólk, eigi nú að reyna að ímynda sér hvernig þeim líði ef einhverjar ógeðfelldar sögusagnir færu á kreik um sig, ef þeir vissu hvers konar óþægindi og jafnvel kvalir þeir þyrftu að ganga í gegn um ef sögur færu af stað um þá myndu þeir eflaust hugsa sig tvisvar um áður en þeir segðu sögur um aðra.

Íbúar Hrunamannahrepps, strengjum þess heit á nýju ári að hætta að breiða út kjaftasögum um aðra og horfum björtum augum fram á veginn í samfélagi sem einkennist af samkennd, ekki leiðindum og biturð.

Í leiðinni vil ég óska öllum sveitungum mínum gleði og hamingju ár nýju ári.

Bjarki Eiríksson  
Silfurtúni.

## Laus störf sumarið 2004 í Kerlingarfjöllum

Fannborg ehf vill ráða fólk í störf staðarhaldara veitingamanns og aðstoðarmanns í eldhúsi

**Starfssvið staðarhaldara:** Umsjón með fasteignum, móttaka gesta, innheimta gistingjalda, umsjón með heitum pottum, rafstöð og ábyrgð á þrifum. Starfstími frá 10.06 til 30.09

**Starfssvið veitingamanns:** Rekstur á eldhúsi og veitingasala. Starfstími frá 25.06 til 20.08 eða eftir nánara samkomulagi

**Starfssvið aðstoðarmanns:** Aðstoð í eldhúsi og við framreiðslu, auk þrifa og a annarra verkefna sem til kunna að falla. Starfstími frá 25.06 til 15.08.

Fannborg ehf er eigandi aðstöðunnar í Kerlingarfjöllum, sem eru á afrétti Hrunamanna. Félagið hefur rekið þar gisti og veitingaþjónustu flestöllum sumur síðan 1961 og er þannig með elstu og reyndustu rekstraraðilum á hálendinu. Einnig rak Fannborg ehf skíðaskóla í Kerlingarfjöllum frá upphafi og allt til ársins 2000.

Upplýsingar veitir Páll í síma 892 5132 eða Gunnar í síma 894 2132

### Krakkar í Smára

#### takið eftir:

Fundurinn með  
Hugrúnu verður  
10. feb. í  
Brautarholti  
kl.20:00.

Allir velkomnir.  
Æskulýðsnefnd

Bleikblesóttur hestur  
tapaðist frá Geysi í  
Haukadal á gamlársdag.  
Ef einhver hefur orðið  
hestsins var  
vinsamlegast látið vita í  
síma 486-8915



bygðarlagsins okkar þess vegna eigum við að hlúa vel að leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og íþrótta- og íþróttastarfi. Vonandi verður nýtt ár okkur öllum gott og gjöfult og við gerum okkur grein fyrir því að hlutir verða að þróast áfram og enn þurfum við að leita nýrra leiða og tækifæra.

Ísólfur Gylfi Pálmason,  
sveitarstjóri

Ágæti lesandi!

Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir gamla árið. Daginn er tekið að lengja um eitt og eitt hænuft og þá lyftist á okkur brúnin. S.I. ár var um margt viðburðaríkt en það mál sem hefur haft hvað mest áhrif á hag sauðfjárbænda hér er riðan sem kom upp og leiddi til þess að slátra þurfti sauðfé á mörgum bæjum. Ekki er enn ljóst hver framvinda þeirra mála verður og eru þeir aðilar sem lentu í niðurskurði eðlilega óþreyjufullir að bíða eftir uppgjöri. Við gerum það sem við getum til þess að þoka þeim málum áfram og eru sveitarstjóri og hreppsnefnd á leið til Reykjavíkur á fund ráðherra vegna þessa. Við getum verið stolt af garðyrkjubændum okkar sem eru í fararbroddi á landsvísu og hafa tileinkað sér nútíma tækni við framleiðsluna og sækja æ meiri vitneskju og reynslu til Hollands sem er eins og flestir vita miðstöð garðyrkju í heiminum. Á sama hátt eru mjólkurframleiðendur hér í fararbroddi. Ferðaþjónustan hér er einnig um margt í fararbroddi þar sem fjölbreyntin er mikil, meiri en gengur og gerist. Áform eru um að merkja gönguleiðir og fleiri skemmtilegar hugmyndir til styrktar ferðaþjónustu og afþreyingu í hreppnum. Öll atvinnustarfsemi hér skiptir svæðið okkar miklu máli og miklu máli skiptir að hún gangi vel. Það er skylda okkar að ýta undir atvinnurekstur í hreppnum. Við gleðjumst yfir því að nú hefur nýi leikskólinn verið tekinn í notkun í lok ársins. Þar er um glæsilegt mannvirki að ræða sem vonandi á eftir að nýtast okkur vel og lengi. Á ýmsu gekk við byggingu sem olli okkur vissulega hugarangri og óþarfa útgjöldum. Þó að útboðsleið sé viðurkennd aðferð þegar opinberir aðilar standa í framkvæmdum og erfitt að ganga fram hjá henni, geta verið hnökra á þeirri aðferð og höfum við fengið að súpa seyðið af því. Nú er byggingin tilbúin og vonandi á starfsemin í leikskólanum eftir að eflast og dafna því að starfsemin er og verður enn mikilvægari en húsnaðið sjálft. Ég er hins vegar þess fullviss að hér fer saman gott starf og glæsilegt húsnaði og er Ólöfu Betty, leikskólastjóra og hennar góða starfsfólki, ásamt fulltrúum foreldrafélagsins þakkað fyrir mikla og góða vinnu við flutning leikskólans og við að koma starfseminni í nýja skólanum í gang. Æskan er framtíð

Stuttar pésafréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

### **Frábær þjónusta slökkviliðsins**

Það hefur vakið athygli hve vel er staðið að forvörnum á vegum slökkviliðsins okkar með Jóhann Marelsson í fararbroddi. Það eru ekki margir staðir á landinu sem geta státað af því bjóða uppá að slökkvitæki séu yfirfarin og hugað að reykskiljurum og að þeir virki. Þetta gerðu okkar menn fyrir jólin eins og oft áður. Þetta er einstök þjónusta og til mikillar fyrirmyndar.

### **Harri pússar og pússar og lakkar og lakkar!**

Þessa dagana er verið að pússa og lakka gólfið í aðalsal félagsheimilisins okkar. Harri Kjartansson ætlar greinilega að passa uppá að engin fái flís þegar við tökum dansspor á hjónaballinu sem verður 28. febrúar. Umsjónarmenn hjónaballsins er magnað fólk því daginn eftir er 29 febrúar sem kemur ekki nema fjórða hvert ár þannig að þó að einhverjir þurfi að lúra lengur þann dag, eftir að hafa dansað alla nóttina, þarf vart að hafa áhyggjur af næsta degi, því hann er í raun svona aukadagur á árinu. Nú er bara að fara að taka til dansskóna og pressa buxur og kjóla. Harri ábyrgist gólfið næstu tuttugu árin.

### **Þorablót á hótelinu.**

Hinir gestrisnu hótelhaldarar okkar, þau Margrét og Guðmundur á Hótel Flúðum, hafa verið að kynna sér hvernig þeir á Kanaríeyjum halda m.a. uppá þorrann. Hótelhaldararnir halda þorablót fyrir Hreppamenn og gesti okkar á hótelinu 31. janúar n.k. Þetta er upplögð upphitun fyrir hjónaball og spennandi að vita hvaða nýjungar þau koma með frá Kanaríeyjum. Einhver hélt því fram að súru hrútsþungarnir væru öðru vísi á bragðið á Kanaríeyjum. Nú er bara að bregða sér á þorablót og kanna málið.

## Nýr umsjónarmaður félagsheimilisins

Á dögnum auglýstum við eftir umjónarmanni fyrir félagsheimilið. Alls bástu ný umsóknir og margir spurðust fyrir um starfið. Húsnefnd mælti með ráðningu Guðmundar Karls Guðfinnssonar og hefur hreppsnefnd staðfest ráðningu hans. Guðmundur kemur til með að flytja á staðinn. Hann hefur mikla reynslu er skipstjóri, hefur einnig vélstjóraréttindi auk þess sem hann hefur verið útgerðastjóri. Hann er ekki alls ókunnugur í hreppnum hefur farið á fjall hér með leitarmönnum, á hér tvær dætur og systur. Öllu því ágæta fólki sem sóttu um þetta starf er þakkað fyrir áhugann á starfinu og Guðmundur boðinn velkominn til starfa. Félagshimilið okkar er hluti af andliti staðarins og við væntum mikils af störfum hans. Sigríður Eiríksdóttir mun verða okkur áfram til halds og traust og er tilbúin til þess að leysa af við húsvörslu þegar á þarf að halda.

## Athugul ung stúlka.

Þegar leikskólinn var vígður var eðlilega mikið um dýrðir. Mjólkurbú Flóamanna bauð uppá úrvals ost ættaðan úr hreppnum og hollustu drykki. Sr. Eiríkur Jóhannsson blessaði húsið og starfsemi þess og margt var sér til gamans gert. Einn af starfsmönnum hreppsins brá sér í gervi jólasveinsins eftir að formlegri athöfn lauk. Lítil og falleg stúlka rak upp stór augu og sagði: “Jólasveinninn er í alveg eins skóm og sveitarstjórinn var í áðan”.

## Innflytjendur plata neytendur!

Eins og við vitum er á Flúðum eini sveppaframeiðandi landsins. Eitthvað fer það í taugarnar á innflutningsaðilum sveppa, því nú er svo komið að þeir eru farnir að pakka innfluttum sveppum í nákvæmlega sömu umbúðir og gert er hjá Flúðasveppum eini munurinn er að límdir eru miðar á innfluttu sveppina sem á stendur “náttúrulegir sveppir”. Við eigum að vekja athygli neytenda á þessu því hér er innflutningsaðilar að reyna að plata neytendur. Full ástæða er til að halda sig við Flúðasveppi í sósuna.

## Vinstri grænir í heimsókn

Í vikunni komu fulltrúar Vinstri grænna hingað í heimsókn hingað í hreppinn. Þau heimsóttu fyrirtæki og við ræddum við þau um sveitarstjórnarmál o.fl., m.a. var farið heimsókn í skólann og

leikskólann. Það er gleðiefni að fá góða gesti í heimsókn og mættu allir stjórnaráflakkar taka heimsóknir sem þessar sér til fyrirmyndar. Þrátt fyrir að sveitarstjórinn ykkar sé með pólitískan stríðnisþúka í maganum reyndi hann að vera hreppsþúka til sóma og fór með þessum góðu gestum okkar um svæðið og fór vel á með honum og þessum fyrrverandi starfsfélögum hans.

## Fjárhagsáætlun samþykkt.

Á fundi hreppsnefndar s.l. miðvikudag var fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps samþykkt. Á síðasta ári vorum við framkvæmdaglöð þess vegna er hvatt til þess að fara sér hægur á þessu ári. Helstu kennitölur í áætluninni eru:

### Tekjur:

|     |                          |                 |
|-----|--------------------------|-----------------|
| ▪ ▪ | Skatttekjur              | kr. 149.650.000 |
| ▪ ▪ | Framlag úr jöfnunarsjóði | kr. 96.490.000  |
| ▪ ▪ | Aðrar tekjur             | kr. 64.778.000  |
| ▪ ▪ | Tekjur nema því samtals  | kr. 310.918.000 |

### Gjöld:

|     |                         |                 |
|-----|-------------------------|-----------------|
| ▪ ▪ | Laun og launakostnaður  | kr. 157.340.000 |
| ▪ ▪ | Annar rekstrarkostnaður | kr. 114.783.000 |
| ▪ ▪ | Afskriftir              | kr. 21.543.000  |
| ▪ ▪ | Neikvæðar vaxtatekjur   | kr. 16.059.000  |

### Aðrar kennitölur:

|     |                       |             |
|-----|-----------------------|-------------|
| ▪ ▪ | Tekjur á íbúa         | kr. 414.000 |
| ▪ ▪ | Skatttekjur á íbúa    | kr. 199.000 |
| ▪ ▪ | Heildarskuldir á íbúa | kr. 430.000 |
| ▪ ▪ | Veltufjárlutfall      | 1.01%       |
| ▪ ▪ | Eiginfjárlutfall      | 0.42%       |

### Helstu framkvæmdir:

|     |                  |                |
|-----|------------------|----------------|
| ▪ ▪ | Vegna vatnsveitu | kr. 12.000.000 |
| ▪ ▪ | Gatnagerð        | kr. 20.000.000 |
| ▪ ▪ | Tjaldstæði       | kr. 2.000.000  |
| ▪ ▪ | Eignasjóður      | kr. 5.000.000  |

Gert er ráð fyrir að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að upphæð kr. 20.000.000

Einnig er gert ráð fyrir að selja hlutafé okkar í Límtré að andvirði kr. 40.000.000

## **Okkar fólk í ferðapjónustunni.**

Hreppamenn eru útflytjendur á góðu fólki sem tekur þátt í ferðapjónustunni vítt og breitt um landið. Þannig vinnur Tryggvi Guðmundsson, sonur landnámsmannsins okkar á Flúðum, framkvæmdastjóri hjá Nortica Hótel í Reykjavík og Ásdís Jóhannesdóttir eigandi og hóteltjóri á Hótel Sel í Mývatnssveit. Það er alveg óhætt að treysta góðri þjónustu þessa fólks ef við leggjum land undir fót.

## **Hreppsnefnd í vísindaferð**

Ákveðið hefur verið að hreppsnefndin okkar og sveitarstjóri fari í vísindaferð til Reykjavíkur m.a. til þess að fylgjast með framvindu mála varðandi líftækni o.m.fl. vonandi verða menn margs vísari og ferðalagið skili okkur auknum tækifærum í atvinnuuppbyggingu á staðnum. Þá stendur til að heimsækja landbúnaðarráðherra. Farið verður miðvikudaginn 21. janúar.

## **Er ekki kominn tími til að lyfta!**

Preksalurinn okkar er opinn eins og allir vita í tengslum við opnun íþróttahússins. Fastagestir þar eru nokkrir og gaman að fylgjast með kraftajötnum eins og Rafni blómaræktanda og Reyni Límtréfursta sem eru duglegir við að hjálpa þeim sem minna kunna í fræðunum. Aðstaðan er býsna góð og eru hreppsþúar hvattir til þess að nýta hana. Gamlir íþróttakennarar eru hálf feimnislegir þarna þó að formaður stjórnar Sölufélags garðyrkjumanna beri af í þeim hópi. Til þess að tryggja að harðsperrurnar fari ekki með þátttakendur er upplagt aðbregða sér í sundlaugina á eftir. Þarna erum við að bjóða uppá góða aðstöðu sem ódýrt er að nýta. Það er ekki nóg að hafa aðstöðuna við eigum að nýta okkur hana. Þeir sem skulda kort í íþróttahúsinu eða annað eru vinsamlegast beðnir um að gera upp hið fyrsta.

## **Flúðaskóli les í skóginn!**

Það er skemmtilegt til þess að vita að nemendur og kennarar Flúðaskóla taka þátt í skemmtilegu og þroskandi verkefni sem heitir “lesið í skóginn”. Skólinn er einn af fjórum skólum sem þegar hafa

skráð sig í verkefnið sem fólgið er í því að gróðursetja trjáplöntur að vori. Í framtíðinni er síðan meiningin að nemendur læri plöntuheiti og vinni úr trjáviði sem til fellur til listmunagerðar. Við þurfum ekki langt að fara til þess að fá kennslu í þeim efnum þar sem Guðmundur Magnússon, trésmíðameistari hefur verið ötull að kenna fólki þau fræði.

## **Tenging kvenfélagsgarðs – og ungmennafélagsskógar!**

Í beinu framhaldi af skógarverkefni Flúðaskóla stendur til að koma upp tegundasafni trjáplantna í lystigarði í tengslum við kvenfélagsgarðinn. Hjónin Jóhannes og Kristin frá Hvammi ætla að gefa plöntur í tegundasafn. Forsaga þessa máls er að Laufey heitin frá Ásatúni gaf skógræktarfélaginu peninga til þessa verkefnis. Formaður skógræktarfélagsins Sigríður Jónsdóttir á Fossi er einn af hvatamönnum verkefnisins. Í framtíðinni eru svo hugmyndir um að tengja saman kvenfélagsgarðinn og ungmennafélagsskógræktina með gróðursetningu trjáplantna og verður þetta alltsaman okkur til yndisauka, fyrir íbúa í hreppnum og ferðamenn sem sækja okkur heim. Fyrir utan það uppeldisgildi sem verkefni sem þessi hafa fyrir það unga fólk sem tekur þátt í þessu. Forsvarsmenn sveitarfélagsins eru þakklátir öllu því góða fólki sem tengist þessum verkefnum.

## **Sótt um styrki til Ferðamálaráðs**

Ferðamálanefndin okkar hefur sótt um styrki til Ferðamálaráðs annarsvegar vegna verkefnisins lesið í skóginn og hins vegar til merkingar gönguleiða í Hrunamannahreppi. Nú er bara að vona að við fáum styrki til þessara verkefna.

## **Loftur tekur til hendinni**

Loftur Þorsteinsson héraðshöfðingi okkar Hrunamanna hefur tekið að sér að aðstoða okkur við frágang nokkurra lóðaleigusamninga o.þ.h. Ef einhverjir íbúar hér halda að ekki hafi verið gengið frá slíkum samningum er þeim vinsamlega bent á að hafa samband við okkur á

skrifstofunni nú þegar. Einnig mun Loftur aðstoða okkur við álagningu fasteignagjalda því enginn þekkir betur byggingar hér en einmitt hann.

### **Mistök við útprentun reikninga.**

Eins og sagt var frá í síðasta Pésa erum við að breyta innheimtukerfi okkar. Miklu máli skiptir fyrir sveitafélagið eins og heimilin að jafnvægi sé á inn- og útstreymi peninga. Miklar kröfur eru gerðar til þjónustu sveitarfélagsins og til þess að geta staðið undir henni verða þegnarnir að standa í skilum. Hins vegar tókst ekki betur til hjá okkur í fyrstu umferð að Búnaðarbankinn sem nú heitir KB banki sendi út tvöfalt kerfi reikninga – það var svo sannarlega ekki ætlunin og biðjumst við velvirðingar á því. Gárungarnir telja þetta gert til þess að hafa upp í kostnað vegna byggingar leikskólans því á bankaseðlunum stóð fasteignargjald þó um leikskólagjald eða mötuneytisreikning væri um að ræða. Við erum á fullu að leiðrétta þessi mistök. Segir ekki einhversstaðar að fall sé fararheill. Við verðum að trúa því á nýju ári.

Sveitarstjóri

Við óskum öllum Hreppamönnum gleðilegs árs og friðar, og þökkum viðskiptin á liðnu ári. Bestu kveðjur frá starfsfólki Hótels Flúða

# Á einhver hlöðu, bragga eða skemmu!

Okkur í Björgunarfélaginu Eyvindi vantar húsaskjól fyrir flöskurnar og dósirnar okkar. Ef einhver er með tóma skemmu, hlöðu, bragga eða eitthvað sem er ekki í notkun og er til í að lána okkur þá má viðkomandi hafa samband við eftirfarandi.

Borgþór 895 3760 Bjarki 861 2262 Óskar 862 4944

Árið 2003 kl. 14.00 kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar í fundarsal ráðhússins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Unnar Gíslason ( varamaður Björns Kjartanssonar), Þorsteinn Loftsson Halldóra Hjörleifsdóttir (varamaður Eiríks Ágústssonar) og Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti sem setti fund og stjórnaði honum. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri skráði fundargerð. Í upphafi óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboð. Oddviti óskaði eftir að lögð yrði fram fundargerð Fræðslunefndar frá 9. desember en þá vantaði hluta í fundargerð sem nú er lögð fram. Einnig óskaði oddviti eftir að leggja fram bókun frá Landbúnaðarnefnd frá 7. janúar 2004.. Engar athugasemdir voru gerðar. Því næst var gengið til dagskrá sem er eftirfarandi:

#### **1. Fjárhagsáætlun ársins 2004 – seinni umræða.**

Oddviti og sveitarstjóri lögðu fram viðbótargögn vegna frumvarps að fjárhagsáætlunar 2004. Endurskoðun KPMG hefur sett tillögur um breytingar frá fjárhagsáætlun inn í heildaryfirlit sem lagt er fram og eru kynntar í fundargögnum. Þar er gert ráð fyrir að tekjur vatnsveitu hækki úr 2.955.000 í 3.860.000. Gert er ráð fyrir fjárfestingum vegna gatnagerðar (aðallega lagna ) uppá kr. 20.000.000, í eignasjóði er gert ráð fyrir viðhaldi fasteigna uppá kr. 5.000.000 með ákveðinni skiptingu. Gert er ráð fyrir að verja kr. 2.000.000 vegna nýs tjaldsvæðis. Gert er ráð fyrir að taka kr. 20.000.000 lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga og einnig er gert ráð fyrir að selja hlutabréf hreppsins í Límtréi h.f. uppá kr. 40.000.000. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir 1.193.000 hagnaði en endanleg áætlun gerir ráð fyrir 3.542.000 tapi. Þessar breytingar leiða til örlíttillar hækkunar afskrifta og hækkunar fjármagnsgjalda um kr. 625.000. Veltufjárhlutfall breytist því úr 1.01 í 1.65. Fjárhagsáætlun ársins 2004 er samþykkt samhljóða með þessum breytingum.

#### **2. Drög að verndarsvæði vatnsbóla í Hrunamannahreppi.**

Oddviti lagði fram drög að áætlun um verndarsvæði vatnsbóla í Hrunamannahreppi. Áður hafði veitustjórn látið vinna áætlunina.

Ragnar Magnússon sýndi loftmynd af svæðinu miklar umræður voru um staðsetningu Hrunarétta m.t.t. vatnsverndar. Hreppsnefnd samþykkir áætlunina samljóða en hún verður einnig lögð til lokasamþykktar á næsta fundi. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur drögin til skoðunar.

### **3. Sala á Grund – forkaupsréttarákvæði.**

Oddviti lagði fram kaupsamning dags. 22. des. 2003 þar sem Olúfélagið hf. selur Kristbjörgu Kristinsdóttur íbúðarhúsið Grund á Flúðum. Hreppsnefnd nýtir ekki forkaupsrétt að eigninni.

### **4. Landbúnaðarráðuneytið v. Dalbæjar 3.**

Oddviti kynnti erindi ráðuneytisins en þar er farið fram á umsögn hreppsnefndar vegna sameiningar jarðarinnar Dalbær 3 þ.e. 0,8 hektarar lóðar sem svínahús stendur á en hafði áður verið undanskilið frá jörðinni. Áður hafði ráðuneytinu borist ósk þessa eðlis frá Magnúsi P. Brynjólfssyni. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við þessa breytingu.

### **5. Hitaveita Grafarhverfis – beiðni um fund o.fl.**

Oddviti kynnti bréf dags. 15. des. frá Hróbjarti Hróbjartssyni f.h. stjórnar Hitaveitu Grafarhverfis þar sem óskað er eftir fundi með hreppsnefnd og sveitarstjóra vegna málefna hitaveitunnar. Hreppsnefnd ákvað að hitta stjórnina við tækifæri.

### **6. 3 fundur húsnefndar Félagsheimilis Hrunamanna frá 6. jan. s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð þar sem fjallað er um ráðningu starfs umsjónarmanns fyrir félagsheimilið. Húsnefnd mælir með ráðningu Guðmundar Karls Guðfinnssonar. Rætt var um starfssvið umsjónarmanns og hvað lá til grundvallar því með hverjum var mælt með. Fundargerð samþykkt með þremur atkvæðum tveir sátu hjá. Unnar Gíslason lagði fram eftirfarandi bókun. " Í ljósi þess að atvinnuástand í sveitarfélaginu er ekki of gott þá finnst A – listamönnum óeðlilegt að það skuli ráðinn utansveitarmaður. Um stöðuna sóttu níu þar af fimm innansveitar og einn með nafnleynd. Meðal þessa innansveitarmanna voru fullhæfir einstaklingar og finnst okkur eðlilegt að einn þeirra hefði verið ráðinn."

### **7. 22. fundur veitustjórnar frá 6. jan. sl.**

Oddviti kynnti fundargerðina þar er fjallað um vatnsverndarsvæði, innheimtumál og notendamál. Rætt var um kaldavatnsnotkun og á hvern hátt er möguleiki á að spara kalt vatn. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

### **8. 46. fundur æskulýðs- og íþróttanefndar frá 7.jan.sl.**

Oddviti kynnti fundargerðina þetta var sameiginlegur fundur með ferðamálanefnd og ferðamálfulltrúa uppsveita Árnassýslu. Ýmsar tillögur eru gerðar um gönguleiðir, merkingar o.fl. Í fundargerðinni er gert ráð fyrir að sótt verði um styrk frá Ferðamálaráði vegna þessa. Æskulýðs- og íþróttanefnd vill huga að nýtingu húsnæðis gamla leikskólans. Nefndin leggur til að tækjasalurinn verði opinn frá 15.30 virka daga og kl. 13.00 á þriðjudögum m.t.t. viðveru starfsmanna íþróttahússins. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina en telur óþarft að girða fyrirhugaðan sparkvöll við skólann að svo komnu máli.

### **9. 234 fundur Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands.**

Oddviti kynnti fundargerðina. Stjórn og starfsmenn Atvinnuþróunarsjóðs munu funda hér á Flúðum n.k. föstudag 16. janúar n.k.

### **10.Samband íslenskra sveitarfélaga – 12 og 13 fundargerð launanefndar.**

Oddviti kynnti fundargerðina.

### **11.Samband íslenskra sveitarfélaga – námskeið 29 og 30 jan.**

Oddviti kynnti erindi bréfsins þar sem sveitarstjórnarmönnum er boðið uppá námskeið í stjórnarsýslu sveitarfélag o.fl.

### **12.UST – Umhverfisstofnun – aðlögunaráætlun fyrir urðunarstaði.**

Oddviti kynnti bréfið.

### **13.Félagsmálaráðuneytið – uppreiknuð tekjumörk vegna viðbótarlána og félagslegra leiguíbúða**

Oddviti kynnti erindi bréfsins.

### **14.KPMG – Endurskoðun kynning á vinnuáætlun.**

Oddviti kynnti vinnuáætlun endurskoðenda og hlutverk endurskoðenda og stjórnenda.

### **15.9. Fundur fræðslunefndar frá 9. des. sl**

Oddviti kynnti fundargerðina. Í fundargerðinni kemur fram tillaga nefndarinnar um 3% hækkun leikskólagjalda. Nefndin leggur einnig til að hressing hækki úr 65 kr. í 75 kr. og hádegismatur úr 180 kr. í 200.kr. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og ákveðið að hækkunin taki gildi 1. febrúar n.k.

## 16.Ályktun landbúnaðarnefndar frá 7. janúar 2004.

Oddviti kynnti ályktunina sem er eftirfarandi. " Landbúnaðarnefnd átelur seinagang Yfirdýralæknisembættisins að ganga ekki frá samningum við þá sauðfjárbændur sem skorið hafa niður fé sitt til að hefta útbreiðslu riðusmits. Landbúnaðarnefnd lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu mála og skorar á sveitarstjórn Hrunamannahrepps að nú þegar verði haft samband við embætti yfirdýralæknis og því fylgt eftir að gengið sé frá samningum og þeirri óvissu eytt sem bændur búi við í dag." Undir ályktunina skrifar formaður nefndarinnar Bjarni Valur Guðmundsson.

Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktunina og hefur þegar pantað tíma hjá landbúnaðarráðherra til þess að reka á eftir þessum málum.

### Lagt fram til kynningar:

- **Bréf til Héraðsnefndar v. minjasafnsins í Gröf**
- **Bréf frá Sambandi ísl. sveitarfélaga vegna rafrænnar skráningar fjárhagsáætlunar.**

Sveitarstjóri fór yfir nokkur mál til upplýsinga sem tengjast starfsemi hreppsins. Ákveðið er að hreppsnefnd fer til Reykjavíkur n.k. miðvikudag þar sem RALA og líftæknifélagið ORF verði heimsótt. Einnig stendur til fara á fund landbúnaðarráðherra í sömu ferð.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 16. 45

Árið 2003, 22 desember kl. 18. kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar í fundarsal ráðshússins á Flúðum. Eftirfarandi sátu fundinn: Eiríkur Ágústsson, Ragnar Magnússon, Björn Kjartansson, Þorsteinn Loftsson og Sigurður Ingi Jóhannsson sem setti fund og stjórnaði honum. Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri skráði fundargerð. Í upphafi óskaði sveitarstjóri eftir athugasemdum við fundarboð. Oddviti fór fram á tekið yrði fyrir kaupsamningur vegna forkaupsréttar á landskika úr landi Dalbæjar 2. Engar athugasemdir voru gerðar. Því næst var gengið til dagskrár sem var eftirfarandi:

1. **Heimsókn Ferðamálanefndar til hreppsnefndar og fundargerð frá 5. nóv.2003.** Oddviti bauð fulltrúa ferðamálanefndar, þá Unnstein Eggertsson, Hörð Úlfarsson og Árna Hjartarson velkomna til fundar. Unnsteinn þakkaði fyrir hönd nefndarinnar fyrir að fá koma á fundinn. Lögð var fram fundargerð frá 5. nóvember s.l.

- Farið var yfir málefni nýs tjaldsvæðis sem þegar hefur verið skipulagt en ekki hefur verið unnið að framkvæmdum eins og gert var ráð fyrir á árinu. Oddvit svaraði því til að ekki hafi reynst unnt að hefja framkvæmdir m.a. vegna fjárskorts. Þetta mál verður skoðað í framhaldi af framlagningu fjárhagsáætlunar. Rætt var um stofnkostnað, rekstrarform og staðsetningu svæðisins. Ferðamálanefnd hvetur til framkvæmda.
- Þá var rætt um framtíðarskipan sundaðstöðu á Flúðum. Íþrótt- og æskulýðsnefnd hefur einnig bent á að nauðsynlegt sé að bæta sundaðstöðu. Hugmyndir hafa kviknað hjá ferðamálnefnd um vatnsleikjagarð þar sem geð yrði rekstraráætlun og kannað hvort fjárfestar fengjust til að fjármagna garðinn. Oddviti sagði frá því að þegar hafi verið kannað hvort fjárfestar væru tilbúnir til þess að koma að þessum hugmyndum. Nauðsynlegt er að þessar hugmyndir komi inni aðalskipulagsvinnu sem fram fer í hreppnum. Ákveðið var að hafa samband við Atvinnuþróunarsjóð vegna málsins og útnefna starfshóp vegna þessa.

2. **Fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2004 ( fyrri umræða ).** Sveitarstjóri og oddviti lögðu fram frumvarp af fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps ásamt hugleiðingum sveitarstjóra um fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem verða með fundargögnum. Helstu lykiltölur eru af rekstrarreikningi:

Skatttekjur kr. 149.650.000 - framlag úr Jöfnunarsjóði kr. 96.490.000 og aðrar tekjur kr. 64.778.000. Tekjur nema því samtals kr. 310.918.000.

Gjöld eru eftirfarandi laun og launakostnaður kr. 157.340.000, annar rekstrarkostnaður kr. 114.783.000, afskriftir eru kr.

21.543.000. Heildargjöld nema því kr. 293.666.000 og niðurstaða án fjarmagnsliða kr. 17.252.000. Í áætluninni er gert ráð fyrir að vaxtatekjur verði neikvæðar um 16.059.000 og rekstrarniðurstaða því 1.193.000. Gert er ráð fyrir fjárfestingu vegna vatnsveitu kr. 12.000.000.

|        |       |
|--------|-------|
| 15 mm  | 15.87 |
| 20 mm  | 16.16 |
| 15 mm  | 20.79 |
| 32 mm  | 23.28 |
| 40 mm  | 28.04 |
| 50 mm  | 34.27 |
| 80 mm  | 89.70 |
| 100 mm | 94.31 |

Af öðrum kennitölum má nefna að samkvæmt áætluninni verða / verður:

- tekjur á íbúa kr. 414.000
- Skatttekjur á íbúa kr. 199.000
- Heildarskuldir á íbúa kr.430.000
- veltufjárhlutfall 1.01%,
- eiginfjárhlutfall 0.42%

Þessar tölur og hlutföll geta breyst milli umræðna.

Sveitarstjóri leggur áherslu á að hægt verði á framkvæmdum og innheimtumálum sveitarfélagsins komið í öruggari feril eins og sveitarstjórn hefur áður samþykkt. Oddviti fór yfir stöðina og máefni Jöfnunarsjóðs. Okkar sveitarfélög eins og önnur sveitarfélög eru að kljást við minni framlög úr sjóðnum. Síðan var farið yfir einstaka málaflökka og staðan yfirfarin og rædd. Rætt var um mögulega sölu á hlutaf Hrunamannahrepps í Límtré hf.

**3. Ákvörðun um álagningu gjalda ársins 2004.** Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögur að álagningu gjalda vegna ársins 2004.

- Álagning verður sem hér segir:
- Útsvar 13,03%
- Fasteingagjöld í A flokki 0.60%
- Fasteingagjöld í B flokki 1.20%
- Gjaldldagi fasteignagjalda verið 1. febrúar, 1. apríl og 1. júní
- Niðurfelling fasteingagjalds: Heimilt verði að fella niður fasteignagjöld hjá elli- og örorkulífeyrisþegum sem nýtt er til eigin búsetu og búi þeir einir í íbúðinni eða húsinu, þjónustugjöld eins og sorpgjald, holræsagjald og vatnsskattur verða ekki felldir niður.
- Vatnsskattur. Strangar reglur eru hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga um álagningu vatnsskatts til þess að sveitarfélög njóti framlaga vegna stofnframkvæmda. Lagt er til að Vatnsskattur verði 0.25% af álagningastofni og að vatnsskattur af sumarhúsum verði kr. 9000. Vatnsskattur atvinnuhúsnaðis verði kr. 10.000 ( fastagjald ) og auk þess verði innheimtur aukavatnsskattur kr. 11 á hvert tonn.
- Mælaleiga í kr. á dag verði eftirfarandi:

- Holræsagjöld: Lagt til að gjaldið verði 0.15% af fasteignamati. Gjaldið verði innheimt af þeim fasteignum sem tengdar eru fráveitukerfum sveitarfélagsins.
  - Sorphirðu- og sorpurðunargjald. Sorpeyðingargjald verði kr. 7000 á íbúð, kr. 6.000 á sumarhús og kr. 12.000 vegna atvinnureksturs. Sorphirðugjald verði kr. 5000
  - Sérstakt aukasorpgjald verður lagt á vegna stóratvinnurekenda skv. gjaldskrá.
  - Oddviti lagði fram tillögu um að þóknun til embættis- og nefndarmanna væri óbreytt. Tillögurnar samþykktar samhljóða.
- 4. Fræðslunefnd fjárhagsáætlun og fundur frá 9. des. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti gögn sem Fræðslunefnd hefur unnið vegna leikskóla og skóla. Gögnin hafa verið lögð inn í frumvarp að fjárhagsáætlun hreppsins. Fræðslunefnd eru þökkud mikil og góð vinna við gerð áætlanna.
- 5. Æskulýðs og íþróttanefnd 10 fundur frá 28.okt. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerð Æskulýðs- íþróttanefndar þar koma m.a. fram tillögur vegna fjárhagsáætlunar. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6. Brunamálnefnd Gnúpverja- og Hrunamannahrepps fundargerð frá 8. des. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd samþykkir að sömu aðilar sitji áfram í nefndinni að hálfu hreppsins um óákveðinn tíma. Í fundargerðinni er rætt um brunavarnaráætlun, samning við Landsvirkjun og forvarnarstarf vegna brunavarna. Hreppsnefnd fagnar forvarnarstarfi nefndarinnar. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 7. Samstarfshópur um landgræðslumál – fundargerð frá 11. des, 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina. Hópurinn ætlar sér ákveðið vinnuferli vegna erindis sem hreppsnefnd hafði falið nefndinni vegna nýtingu afréttar o.fl. Nefndin stefnir að því að leggja fram drög að landbótaáætlun.
- 8. Fundur í forvarnarhópi – fundargerð frá 11. des. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina. Haldinn hefur verið opinn almennur fundur um málefnið og síðan voru þau: Magga Brynjólfssdóttir, Fjólá

Kjartansdóttir, Kristín Bragadóttir, Karl Heiðberg Cooper og Sr. Eiríkur Jóhannsson verið valin til þess að stýra starfi hópsins.

9. **Oddvitafundur – fundargerð frá 4. des. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina. Þar er m.a. rætt um starf skipulagsnefndar. Einnig er rætt um gerð aðalskipulaga og deiliskipulaga. Rætt um starf sameiginlegs félagsmálafulltrúa, holræsareglugerð, snjósmokstur o.fl.
10. **Tenging við veraldarvefinn – bréf.** Oddviti lagði fram og kynnti bréf frá Daníel Halldórssyni, framkvæmdastjóra Magus ehf. Hreppsnefnd þakkar bréfið en vill kanna verð hjá fleiri aðilum vegna háhraðanetstenginga.
11. **Minnislisti 23 vegna byggingar leikskóla.** Oddviti lagði fram og kynnti listann. Þar koma fram ýmsar athugasemdir vegna framkvæmda fyrirtækisins Arnar ehf. í Vestmannaeyjum.
12. **Sorpstöð Suðurlands fundargerð frá 11. des. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina.
13. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands – 60. fundur frá 10. des. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina.
14. **Skólaskrifstofa Suðurlands 69. stjórnarfundur frá 3. des. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina.
15. **SASS – 372. stjórnarfundur frá 3. des. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina.
16. **Tónlistarskóli Árnassýslu fundargerð frá 27. nóv. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina.
17. **Byggðasafn Árneseinga fundargerð frá 27. nóv. 2003.** Oddviti lagði fram og kynnti fundargerðina.
18. **Bréf frá Vörðukórnum.** Oddviti lagði fram og kynnti bréfið. Þar er sótt um styrk til kórsins. Hreppsnefnd samþykkir að kórinn fái frí afnot af æfingaraðstöðu í félagsheimilinu allt að einu sinni í viku eins og verið hefur.
19. **Bréf frá Hestamannafélaginu Smára.** Oddviti lagði fram og kynnti bréfið. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að kanna málið og ræða við sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps og fulltrúa úr æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Smára.
20. **Kaupsamningur vegna landsspildu úr landi Dalbæjar 2.** Hreppsnefnd samþykkir að hafna forkaupsrétti af landspildunni.

## Eftirfarandi gögn voru lögð fram til kynningar á fundinum:

- Fundargerð 189 fundar Launanevndar sveitarfélaga.
- Umhverfisstofnun v. refa- og minkaveiða
- Félagsmálaráðuneyti v. húsaleigubóta
- Samband ísl. Sveitarfélaga v.
- Samband ísl. Sveitarfélaga v. launanevndar
- Héraðssambandið Skarphéðinn
- Norræn sveitarstjórnarráðstefna í Reykjavík júlí 2004
- Landmælingar
- Krabbameinsfélag Íslands – könnun á tóbaksvarnarnámsefni

Oddviti óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla og þakkaði samstarfið á árinu.

Fleira ekki rætt fundi slitið kl. 21.00

## Tilkynning frá Vátryggingafélagi Íslands h.f.

Margt hefur breyst í samskiptum viðskiptavina við félagið á undanförunum árum. Greiðslur iðgjalda hafa færst í auknu mæli inn í bankakerfið, viðskiptavinirnir hafa meiri og meiri tölvusamskipti. Þess vegna eru í vinnslu breytingar á þjónustukerfi Vís á landsbyggðinni. Í framhaldi af því var umboð Vátryggingafélags Íslands h.f. í Hrunamannahreppi lagt niður 31/12 2003.



Vil ég nota tækifærið og þakka viðskiptavinum  
félagsins gott samstarf.

Guðrún Hermannsdóttir